

til vegna rannsókna og tilrauna, sbr. 20. gr. reglugerðarinnar. Skólanefnd er heimilt, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, að gera samkomulag við Bændasamtök Íslands um að garðyrkjuráðunautar samtakanna fái starfsaðstöðu við skólann. Þá er skólanefnd heimilt, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, að gera samkomulag við Samband garðyrkjubænda og önnur félagasamtök garðyrkjunnar um að þau fái aðstöðu fyrir starfsemi sína á skólastaðnum.

Skólanefnd ákveður áherslur í rannsóknum og tilraunum, að fengnum tillögum fagráðs í garðyrkju og skólastjóra, í samráði við fagdeildarstjóra einstakra námsbrauta. Að höfðu samráði við skólastjóra og Rannsóknastofnun landbúnaðarins ræður skólanefnd tilraunastjóra er stýrir tilraunastarfinu og hefur umsjón með daglegri framkvæmd þess.

7. gr.

Halda skal gerðarbók um fundi skólanefndar og skal senda skólaráði og landbúnaðarráðuneytinu afrit fundargerða nema þegar um trúnaðarmál er að ræða. Fundargerðir skólanefndar skulu liggja frammi í skólanum.

8. gr.

Skólanefnd skal hafa náð samráð við landbúnaðarráðuneytið um störf sín og stefnumörkun í málefnum skólans.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í lögum nr. 91/1936 um Garðyrkjuskóla ríkisins, sbr. reglugerð nr. 712 30. desember 1996 fyrir Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 4. apríl 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Guðmundur Sigþórsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 27, 27. janúar 1997
um úthlutun veiðiheimilda í úthafskarfa á Reykjaneshrygg.**

1. gr.

3. málslíður 5. gr. reglugerðar nr. 27/1997, sbr. reglugerð nr. 134, 17. febrúar 1997, orðist svo: Verðmætastuðull fyrir úthafskarfa er 0.54, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 362, 27. júní 1996, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1996/1997.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 17. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. apríl 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.